

Boðsbréf

Íslandsmótið í bardaga 2017

Mótshaldari Taekwondosamband Íslands (TKÍ)

Mótsstjórn Taekwondosamband Íslands (TKÍ)

Dagsetning 25. mars 2017

Staðsetning Íþróttahús Keflavíkur Sunnubraut 34

Skráningarfrestur 23:59 laugardaginn 18. mars 2017

Senda þarf fullgildar skráningar á netfangið tki@tki.is fyrir lok skráningarfrests skv. meðfylgjandi skráningarblaði.

Röng skráning getur valdið því að keppandi verði ekki gjaldgengur til keppni.

Ekki verður tekið við skráningum eftir lok skráningarfrests.

Hafi samþykki ekki borist þá er litið á slíkt sem höfnun á sameiningu.

Félög greiða keppnisgjöld fyrir sína keppendur í einu lagi.

Birting flokkaskiptinga 20:00 þriðjudaginn 21. mars 2017

Frestur til að samþykja sameiningar 12:00 miðvikudaginn 22. mars 2017

Keppnisgjöld per skráningu 3.500 krónur á hvern keppanda

Frestur til að greiða keppnisgjöld 20:00 föstudaginn 24. mars 2017

Keppnisgjöld skulu greidd inn á reikning:

515 - 26 - 50010

kennitala: 500103-2050

Birting bardagatrjáa 21:00 föstudaginn 24. mars 2017

Vigtun 17:00-18:00 föstudaginn 24. mars 2017 á keppnisstað og í íþróttahúsinu að Varmá í Mosfell:

Vikmörk í vigtun eru 200g fyrir konur og 100g fyrir karla

Ekki er vigtað í minior flokki, en mótsstjórn áskilur sér rétt til að vigta keppendur á mótstað til að sannreyna uppgefna þyngd við skráningu. Reynist þyngd keppanda rangt gefin upp við skráningu svo skeiki einum eða fleiri þyngdarflokkum skal keppanda vísað úr keppni.

Reynist keppandi í öðrum þyngdarflokki þegar vigtað er en gefið var upp við skráningu getur keppandinn óskað eftir því að færa sig í réttan þyngdarflokk gegn því að greiða gjald sem nemur sömu fjárhæð og keppnisgjaldið.

Upphaf keppni 10:00

Starfsmenn á móti

Félög frá úthlutað stöðugildum á keppnisdegi í samræmi við fjölda skráðra keppenda.

Félög sem ekki senda tilskilinn fjölda starfsmanna í úthlutaðar stöður geta átt á hættu að keppendum þeirra verði vísað frá keppni.

Birting starfsmannaplans

20:00 fimmtudaginn 23. mars 2017

Lágmarks beltakröfur

10. geup

Gjaldgengi

Félög skulu hafa greitt keppnisgjöld fyrir alla skráða keppendur áður en keppni hefst.

Keppendur skulu vera skráðir í viðkomandi félag þegar skráningarfresti á mót lýkur.

Félag keppanda skal vera skuldlaust við TKÍ

Félag keppanda skal ekki vera í banni frá keppni skv. ákvörðun TKÍ eða ÍSÍ

Þegar um Íslandsmót er að ræða gilda reglur um gjaldgengi keppenda sem settar hafa verið í reglugerð þar að lútandi.

Að öðru leyti skal vísað til reglna ÍSÍ um gjaldgengi keppenda á mótum á vegum ÍSÍ og sérsambanda innan þess.

Reglugerð TKÍ varðandi félagaskipti og keppnisleyfi:

<http://tki.is/wp-content/uploads/2011/09/reglugerdTKI.pdf>

Móta- og keppendareglur ÍSÍ

http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/mota_og_keppendareglur.pdf

Ábyrgð

Allir keppendur á mótum á vegum TKÍ eru þar á eigin ábyrgð. Hvorki TKÍ, mótstjórn eða umsjónaraðilar móts bera ábyrgð á mögulegum meiðslum sem keppendur kunna að verða fyrir.

Höfuðspörk

Höfuðspörk eru óheimil í C og D flokkum cadet (10. - 5. geup)
Að öðru leyti eru höfuðspörk heimil.

Takmarkanir á skráningu

Keppandi getur einungis keppt í einum þyngdar-, aldurs- og kynjaflokki, með þeirri undantekningu að keppendur sem náð hafa, eða munu ná, 35 ára aldri á keppnisári, mega keppa bæði í veteran flokki og senior flokki.

Stigagjöf

1 stig fyrir löglegt högg í brynju
2 stig fyrir löglegt spark í brynju
3 stig fyrir löglegt snúningsspark í brynju
3 stig fyrir löglegt spark í höfuð
4 stig fyrir löglegt snúningsspark í höfuð

Flokkaskipting

D flokkur	10. geup	1. deild
C flokkur	9. - 5. geup	1. deild
B flokkur	4. - 1. geup	Úrvalsdeild
A flokkur	1. dan og hærra	Úrvalsdeild

Á Íslandsmóti telur keppni í A og B flokkum (Úrvalsdeild) til stiga í stigakeppni félaga.

Aldursskipting

	Aldur frá	Aldur til	
Cadet	12	14	Miðað er við hvaða aldri keppendur ná á keppnisári.
Junior	15	17	
Senior	18		Dæmi
Veteran	35		Aðili sem verður 18 ára á keppnisári skal skráður í senior flokk

Þyngdarflokkar og sameiningar

Karlar			Konur		
Cadet	Junior	Senior og veteran	Cadet	Junior	Senior og veteran
<33 kg	<48 kg	<58 kg	<29 kg	<44 kg	<49 kg
33-37 kg	48-55 kg	58-68 kg	29-33 kg	44-49 kg	49-57 kg
37-41 kg	55-63 kg	68-80kg	33-37 kg	49-55 kg	57-67 kg
41-45 kg	63-73 kg	>80 kg	37-41 kg	55-63 kg	>67 kg
45-49 kg	>73 kg		41-44 kg	>63 kg	
49-53 kg			44-47 kg		
53-57 kg			47-51 kg		
57-61 kg			41-55 kg		
61-65 kg			55-59 kg		
>65 kg			>59 kg		

Reglur um sameiningar

- 1) Að lágmarki þurfa 2 að vera skráðir í flokk til að keppt verði í honum
- 2) Fyrst skal reynd sameining við samliggjandi aldursflokk með annað óbreytt (cadet skal þó ekki sameinað við junior)
- 3) Næst skal reyna sameiningu milli samliggjandi þyngdarflokka með annað óbreytt. Ekki er sameinað við þyngstu flokkana nema með samþykki allra í sameinuðum flokki
- 4) Næst skal reyna sameiningu við samliggjandi beltagráðuflokka (A, B, C) með annað óbreytt.
- 5) Gangi ofangreint ekki skal reyna sameiningu í sömu röð og að ofan en um flokka sem ekki eru samliggjandi. Slíkar sameiningar þarfnast samþykkis allra í sameinuðum flokki.

Mótsstjórn áskilur sér fullan rétt til að sameina flokka skv. hjálögðum reglum

Ekki er krafist samþykkis keppenda í sameinuðum flokkum nema þar sem það er sérstaklega tilgreint.

Ef samþykki er áskilið heitir mótsstjórn fullum trúnaði gagnvart þeim sem hafna sameiningu.

Tímalengd bardaga

	Lotur	Lengd lotu (mín)	Hvild á milli lota (mín)
Cadet	3	1,5	0,5
Junior	3	2,0	0,5
Senior	3	2,0	0,5
Veteran	3	1,5	0,5

Mótmæli

Hefðbundin mótmæli þjálfara skv. keppnisreglum WTF (video replay)
Myndbandsupptökur annarra en mótsstjórnar, ef um slíkt er að ræða, eru ekki heimil í tengslum við mótmæli.
Úrskurður bardagastjóra er endanlegur og honum verður ekki áfrýjað.

Hlífðarbúnaður í bardaga

Eftirfarandi búnaður er skylda að vera með og keppendur bera ábyrgð á að koma með hann og að hann sé í lagi

Hjálmur	
Legghlífur	Hanskar
Framhandleggshlífur	Klofhlíf (valkvætt fyrir konur, en mælt með)
Ristarhlífur með rafskynjara	Glær hlífðargómur

Keppendur með ófullnægjandi hlífðarbúnað fá ekki heimild til keppni.

Keppnisbúnaður

Heimilt er að keppa með allan þann keppnisbúnað sem leyfilegur er skv. keppnisreglum WT á hverjum tíma að undanskildum rafhjálum sem ekki verður notast við í keppni.

Mótsstjórn mun útvega keppendum rafbrynjur.

Keppendur bera að öðru leyti ábyrgð á öllum keppnisbúnaði, þ.m.t. raftásam. Notkun á raftásam/rafhælum með skynjara í hæl er heimil óháð því hvort mótherji sé með slíkan bún í bardaga.

Verðlaun

1 gullverðlaun fyrir sigur í flokki

1 silfurverðlaun fyrir annað sætið í flokki

2 bronsverðlaun fyrir þriðja sæti í flokki (ekki er keppt sérstaklega um brons)

Stigakeppni félaga

Gullverðlaun	5 stig
Silfurverðlaun	3 stig
Bronsverðlaun	1 stig
Löglega skráður keppandi mætir til leiks	1 stig
Sigur í bardaga	1 stig